

# Samstarfsáætlun um málefni barna og ungmenna á Norðurlöndum





Samstarfsáætlun um málefni barna og ungmenna á Norðurlöndum



Samstarfsáætlun um málefni barna og ungmenna á Norðurlöndum

## Samstarfsáætlun um málefni barna og ungmenna á Norðurlöndum

ANP 2010:712

© Norræna ráðherranefndin, Kaupmannahöfn 2010

ISBN 978-92-893-2014-6

Umbrot: Jette Koefoed

Kápa: ImageSelect

Upplag: 800

Prentun: Scanprint A/S, Danmark

Prentað á pappír sem uppfyllir strangar umhverfiskröfur og má merkja með svaninum, norræna umhverfismerkinu

Rítið má panta á [www.norden.org/order](http://www.norden.org/order).

Fleiri rit eru á [www.norden.org/publikationer](http://www.norden.org/publikationer)

Printed in Denmark



### Norrænt samstarf

*Norræna samstarfið* er eitt umfangsmesta svæðasamstarf í heiminum. Samstarfið byggir á landfræðilegri legu, sameiginlegri sögu og menningu og nær til Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar auk sjálfstjórnarsvæðanna Færeyja, Grænlands og Álandseyja.

*Norræna samstarfið* er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og skiptir miklu í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Í norrænu samstarfi er unnið að því að styrkja stöðu Norðurlandanna í sterkri Evrópu.

*Með norrænu samstarfi* er unnið að því að efla norræna og svæðisbundna hagsmunir í alþjóðlegu umhverfi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlandanna og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

### Norræna ráðherranefndin

Store Strandstræde 18  
DK-1255 Kaupmannahöfn K  
Sími (+45) 3396 0200  
Bréfasími (+45) 3396 0202

### Norðurlandaráð

Store Strandstræde 18  
DK-1255 Kaupmannahöfn K  
Sími (+45) 3396 0400  
Bréfasími (+45) 3311 1870

[www.norden.org](http://www.norden.org)

# Samstarfsáætlun um málefni barna og ungmenna á Norðurlöndum

Markmið

Forgangssvið

Verkaskipting og eftirfylgni



Samstarfsáætlun um málefni barna og ungmenna á Norðurlöndum

# Markmið

**Norðurlönd eiga að vera besti staður í heimi fyrir börn og ungmenni**

Norræna ráðherranefndin leggur áherslu á málefni barna og ungmenna. Samstarfsáætlun þessi er grundvöllur starfs ráðherranefndarinnar á öllum sviðum.

Framtíð heimsins er í höndum unga fólksins og því er mikilvægt að gæta sjónarmiða barna og ungmenna í hnattvæðingaraðgerðum ráðherranefndarinnar á öllum sviðum.

Ríki og sjálfstjórnarsvæði á Norðurlöndum hafa löngum lagt áherslu á málefni barna og ungmenna með sömu gildi að leiðarljósi, það er réttlæti, jöfnuð, lýðræði, vísðýni og virka þátttöku. Með áframhaldandi nánu samstarfi um málefni barna og ungmenna ná norrænu ríkin meiri árangri saman

en hvert í sínu horni. Börn og ungmenni eru allir á aldrinum 0–25 ára en aldursskiptingin getur verið breytileg eftir aðstæðum.

## **Meginmarkmið samstarfs um málefni barna og ungmenna á Norðurlöndum**

Markmiðið með starfi Norrænu ráðherranefndarinnar að málefnum barna og ungmenna er að bæta líf skjör og auka áhrif æskulýðs. Bæta þarf líf skjör og auka áhrif allra barna og ungmenna og skapa þannig jöfnuð óháð kyni, uppruna, menningu, efnahag, aldri, búsetu, kynferði eða fötlun.

Starfsemin tekur mið af réttindum barna og ungmenna með því að

- Standa vörð um og efla mannréttindi barna og ungmenna. Aðgerðir fyrir börn og ungmenni yngri en 18 ára taki mið af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Tryggja rétt barna og ungmenna á menntun, félagslegu og efnahagslegu öryggi, góðri heilsu og skilyrðum til að þroskast.
- Tryggja áhrif barna og ungmenna á líf sitt, nánasta umhverfi og almennar samfélagsbreytingar.
- Velliðan barna og ungmenna er forsenda sjálfbærrar þróunar á Norðurlöndum til framtíðar.





## Forgangssvið

Norrænt samstarf á flestum sviðum snertir líf barna og ungmenna og því ber að gæta sjónarmiða þeirra á öllum samstarfssviðum Norrænu ráðherra-nefndarinnar. Á næstu árum ber að leggja sérlega áherslu á eftirfarandi þætti í norrænu samstarfi:

**Matvælasvið:** Stuðla að bættum matarvenjum og lífsgæðum barna og ungmenna með aukinni áherslu á holla matarmenningu og tækifæri til hreyfingar í sveitum, skógum og þéttbýli.

**Umhverfismál:** Virðisauki skapast í samstarfi þegar börn og ungmenni á Norðurlöndum skiptast á reynslu og verða meðvitaðri um gildi náttúrunnar og auðlinda hennar. Í umhverfismálum þarf að gæta að hnattrænum áskorunum, einkum þeim áhrifum sem baráttan við loftslagsbreytingar hefur á framtíðarsamfélag okkar og afleiðingar neyslu og lífsstíls fyrir ástand umhverfisins.

**Frumatvinnugreinar:** Sjónum verður beint að störfum ungs fólks í frumatvinnugreinum, einnig í ljósi byggðapróunar til sveita og á strandsvæðum Norðurlanda.

**Meningarmál:** Greiða fyrir virkri þátttöku barna og ungmenna, hjálpa þeim að finna sköpun sinni farveg, bæta aðgengi barna og ungmenna að norrænu margmiðlunarefni sem uppfyllir vissar gæðakröfur, t.d. tölvuleikjum, auka fjölmiðlalæsi barna og ungmenna í samræmi við notkunarmöguleika þeirra, og efla starfsemi norrænu húsanna og menningarstofnana með því markmiði að miðla og örva menningu barna og ungmenna.

Í hnattvæðingarstarfi verði lögð áhersla á að auka alþjóðlegt samstarf menningarlífs og skóla.

**Félags- og heilbrigðismál:** Efla heilsu og vellíðan barna og ungmenna á Norðurlöndum og grannsvæðunum. Leggja áherslu á heilbriggt starf og samstöðu, meðal annars hollan mat, hreyfingu, geðheilsu og lífsgæði. Gripið verður til sérlegra aðgerða til að koma í veg fyrir útilokun, bæta kjör barna og ungmenna í áhættuhópum og veita þeim jöfn tækifæri til þroska, hollustu og lífsgæða á við jafnaldra þeirra.





**Jafnréttismál:** Jafnréttismál í norrænu samstarfi byggja á virðingu, jöfnuði, skilningi, lífsgæðum, samsemd og aðgengi.

**Menntamál:** Tækifæri ungmenna á góðri menntun. Efla þróun og rannsóknir á gæðum menntunar á öllum skólastigum og treysta þannig Norðurlönd í sessi sem fyrirmyndarsvæði fyrir sköpun mannauðs. Lögð verður áhersla á gæðabróun og gæðamat í starfi og ýmsum verkefnum. Þar má nefna hnattvæðingarverkefnið „Góð menntun fyrir ungmenni og fullorðna“ en meginmarkmið þess er að fleiri ungmenni ljúki námi eftir grunnskóla.

**Samstarf við grannsvæðin:** Norræna ráðherranefndin á að leitast við að efla stöðu barna og ungmenna á grannsvæðunum, einkum í samstarfi á jafnræðisgrundvelli við aðila í Norðvestur-Rússlandi og Eystrasaltsríkjum. Lögð er áhersla á vísýni í menntun sem byggir á lýðræðisgildum.

**Norræna barna- og ungmennanefndin, NORDBUK:** Samtök æskufólks, norrænt æskulýðssamstarf, nýjar leiðir til að virkja ungmenni í lýðræðisstarfi, margbreytileiki, mannréttindi, alþjóðlegt æskulýðssamstarf og norrænar æskulýðsrannsóknir.



## Verkaskipting og eftirfylgni

### Sameiginleg ábyrgð

Með því að huga að málefnum barna og ungmenna í almennri stefnumótun má tryggja aðkomu þeirra að öllum aðgerðum á forgangssviðum Norrænu ráðherranefndarinnar. Fagráðherranefndir ábyrgjast að sýna fram á árangur á þessum forgangssviðum í norrænu samstarfi.

### Samstarfsráðherrarnir, MR-Sam

Samstarfsráðherrar og embættismannanefndir þeirra bera almenna ábyrgð á að samhæfa norrænt

samstarf um málefni barna og ungmenna. Fagráðherranefndir ábyrgjast innihald samstarfsins á sínum sviðum.

### Forgangssvið

Norræna ráðherranefndin ber ábyrgð á að fylgja meginmarkmiðum samstarfsáætlunarinnar eftir og samþætta sjónarmið barna og ungmenna framkvæmdaáætlunum þar sem það á við. Norræna ráðherranefndin á að meta hvernig ákvarðanir og aðgerðir hafa áhrif á stöðu barna og ungmenna, og semja mælanleg markmið í samræmi við samstarfsáætlunina.

### Norræna barna- og ungmennanefndin, NORDBUK:

Norræna barna- og ungmennanefndin er ráðgjafar- og samhæfingaraðili varðandi norræn og alþjóðleg málefni barna og ungmenna. Norræna barna- og ungmennanefndin starfar í samræmi við samstarfsáætlunina, framkvæmdaáætlun Norrænu barna- og ungmennanefndarinnar og formennskuáætlanir. Norræna barna- og ungmennanefndin sér einnig um samræmingu og eftirfylgni samstarfsáætlunarinnar eins og fram kemur í framkvæmdaáætlun Norrænu barna- og ungmennanefndarinnar.

Samstarfsráðherrar fá heildarskýrslu á hverju ári. Norræna barna- og ungmennanefndin afgreiðir skýrsluna áður en hún er lögð fram enda ber hún ábyrgð á að meta árangurinn og leggja breytingartilögur fyrir samstarfsráðherrana.



Norrænu samstarfsráðherrarnir samþykktu samstarfsáætlunina á fundi sínum í Kaupmannahöfn 3. desember 2009.





Samstarfsáætlun um málefni barna og ungmenna á Norðurlöndum





norden

Norræna ráðherranefndin

Store Strandstræde 18  
DK-1255 København K  
[www.norden.org](http://www.norden.org)



ANP 2010:712  
ISBN 978-92-893-2014-6

